

Stjórnarfundar í FUM fimmtudaginn 16. febrúar kl. 16 í fundarherbergi viðskiptadeildar, 3. hæð í Odda .

Mætt voru Hafþór Guðjónsson, Ragnar F. Ólafsson, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðný Guðbjörndóttir, sem ritaði fundargerð. Kristjana Stella Blöndal boðaði forföll og Þórdís Þórðardóttir var veik.

1. Litið yfir starf s.l. árs, hvað gekk vel og hvað síður?

Funarmenn almennt ánægðir með starfið, ráðstefnan þótti takast mjög vel og tímaritið kom út í tæka tíð. Góður starfsandi í stjórn.

2. Staða fjármála.

Hafþór greindi frá því að félagsgjöld hefðu innhemst vel. Staða félagsins er 837.692, en eftir er að greiða ritstjóra þóknun og nokkra útistandandi reikninga. Þegar hefur verið greitt fyrri tímaritið um 410 þúsund krónur.

3. Tímaritið.

Rætt um dreifingu og auglýsingu. Ákveðið á selja á sama verði og í fyrra eða 1500 kr. auk sendingarkostnaðar til þeirra sem panta í gegn um gjaldkera/ritstjóra eða 1990 kr. Í bókabúðum. Ragnar kemur auglýsingum um tímaritið í blöð og ljósvakamiðla og þau Jóhanna Rósa gera betri auglýsingu um tímaritið á heimasíðu félagsins. Samþykkt var að ritrýnar fengju eintak af tímaritinu fyrir vinnuframlag sitt.

4. Starfið framundan.

Rætt var um fyrirhugaðan Aðalfund í mars, tímasetning ákveðin 9. mars. Næsti fundur stjórnar til að undirbúa aðalfundinn ákveðinn 2. mars. kl. 16 í Odda.

Ræddar voru hugmyndir um umræðufund í mars eða apríl í framhaldi af úttektinni á menntarannsóknnum um hagnýtingargildi rannsókna, námskeið í haust (Ritun greina, N-Vivo, Endnote, tölfræðiaðferðir sem hugsanleg viðfangsefni) og mikill áhugi kom fram um að hafa fund eða örráðstefnu með haustinu, hugsanlega um gildi menntunar.

5. Greiðsla til ritstjóra

Ræddar voru hugmyndir ritstjóra og stjórnar um upphæð þóknunar fyrir ritstjóra *Tímarits um menntarannsóknir*. Ákveðið var að kynna okkur greiðslur til ritstjóra sambærilegra tímarita og ákvörðun því frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál.

Engin

Fundi slitið klukkan 18.

Næsti fundur hefur verið ákveðinn 2. mars klukkan 16.